

Umsögn við Áherslur og verklag við stefnumótun á sviði matvæla.

Við undirrituð höfum kynnt okkur drög að matvælaáætlun, lögð fram í febrúar 2022 í skýrslunni **Áherslur og verklag við stefnumótun á sviði matvæla**, og fögnum við útkomu hennar. Hér með leggjum við fram nokkrar athugasemdir og ábendingar:

- 1) Sbr. bls. 5 teljum við stofnun nýs MATVÆLARÁÐUNEYTIS, með málefni landgræðslu og skógræktar innbyrðis, til framfara og vera til þess fallið að yfirsýn yfir málaflokkinn verði heildstæðari og skýrari til framtíðar.
- 2) Sbr. bls. 5 fögnum við fyrirheitum um vaxandi áherslu á bæði fæðu- og matvælaöryggi sem reyndar verða að teljast mikilvægir þættir í þjóðaröryggi. Með hliðsjón af ýmiss konar óheillapróun sem orðið hefur í seinni tíð, svo sem vegna mikilla hækkana á olíuverði og áburðarverði, og skelfilegra afleiðinga innrásar Rússa í Úkraínu, er mjög brýnt að framleiða sem mest af matvælum hér á landi í sátt við varðveislu auðlinda þess til lands og sjávar svo og íbúa þjóðarinnar.
- 3) Við teljum að verklag við skýrsluna *Ræktum Ísland!* hafa verið vel heppnað og geti orðið leiðarstef í vinnu annara nefnda, aðgengi að nefndinni var gott, þau dugleg að sækja í fólk með mismunandi bakgrunn og öflug í að kynna vinnuna og gefa færi til umsagna og úrbóta. Það tryggir að fjölbreyttar raddir hafi sitt að segja í þessari vinnu.
- 4) Sbr. tilvísun í skýrsluna *Ræktum Ísland!* á bls. 6 í framangreindri skýrslu fögnum við tillögum þar um eflingu lífræns landbúnaðar en bendum á vankanta á þeim í lið 8) hér á eftir.
- 5) Sbr. bls. 6 teljum við að m.a. þurfi að herða aðgerðir gegn matarsóun með aukinni fræðslu um nýtingu matvæla, fullnýtingu afurða og leiðir til að draga úr

matarsóun, með markvissri fræðslu á öllum skólastigum auk fræðslu til alls almennings.

- 6) Sbr. bls. 7 teljum við að betur þurfi að koma fram í matvælastefnunni að viðhald sveitabyggða um land allt sé á meðal grunnstoða landbúnaðarframleiðslunnar, ekki aðeins að framleiðslan styðji við byggðirnar. Þarna þarf að kveða mun fastar að orði.
- 7) Sbr. bls. 15 teljum við að koma þurfi á réttlátari skiptingu arðs af fiskveiðiauðlindinni sem færðist á færri og færri hendur eftir að frjáls framsal aflaheimilda var leyft á sínum tíma. Í textanum þarf umfjöllun um augljósa vankanta á fiskveiðstjórnunarkerfinu að vera mun skýrari enda eitt helsta ágreiningsefnið á meðal landsmanna um langt árabíl og er það enn.
- 8) Sbr. 3.2, lið 4 á bls. 17 teljum við texta um lífræna framleiðslu, sem á sér samsvörun í texta á bls. 20 í skýrslunni *Ræktum Ísland!*, ekki nægilega markvissan. Í fyrsta lagi teljum við það ekki viðunandi að áfram verði litið þannig á lífrænan markaðinn að hann henti vel fyrir dýra hágæðavöru **sem ekki er framleidd í miklu magni** eins og segir í skýrslunni. Að lífræn ræktun og framleiðsla henni tengd verið áfram jaðarstarfsemi (niche production) teljum við óviðunandi. Nú er þessi framleiðsla hér á landi aðeins rúmlega 1% af landbúnaðarframleiðslunni. Í öðru lagi teljum við að stefna beri að mikilli aukningu þannig að lífræni geirinn þróist yfir í umtalsverða framleiðslu (main-stream production) með hliðsjón af markmiðum ESB (Green Deal í CAP-landbúnaðarstefnunni). Þar er gert ráð fyrir að fram til 2030 verði stefnt að því að lífræn ræktun aukist úr 7% í 25% ræktaðs lands. Við teljum að héraendis væri raunhæft að fara úr rúmlega 1% í 10% fyrir 2030. Þar með færi að muna verulega um innlendar lífrænt vottaðar vörur á matvörumarkaði, vinnslan yrði hagkvæmari, verð yrðu

neytendum hagstæðari, og bændur í lífrænum búskap myndu öðlast sterkari félagslega stöðu í sveitunum.

- 9) Sbr. 3.2, lið 4 á bls. 17 teljum við jafnframt að eftirfarandi texti sé ekki nógu markviss: “ **Mótuð verði heildstæð, tímasett aðgerðaáætlun til eflingar lífrænni framleiðslu og akuryrkju.....**” Hér vantar **markmiðið** því að ekki er tilgreind tiltekin aukning sem stefnt skuli að , sbr. tilvísun í stefnu ESB í lið 7) hér að framan. **Fyrst þarf að setja markmiðið og síðan vinna aðgerðaáætlun í samræmi við það** og leggjum við eindregið til að það verði gert. Því setjum við fram tillöguna **10-10-10 sem markmið í matvælastefnu**, þ.e.a.s. tífoldun verði á stærð ræktunarlands með lífræna vottun á næstu tíu árum , opinber stuðningur við lífrænan landbúnað verði tífaldaður og sömuleiðis tífaldist fjöldi bænda með lífrænt vottaðan búskap. Á þessa tillögu verði litið sem umræðugrundvöll vegna stefnumótunar. Þannig gæti t.d. lífrænum bændum fjölgað úr 30 í 300. Sem sagt, markmið fyrst og síðan aðgerðaáætlun skv. þeim, sbr. áðurnefnd stefnumið ESB. Hafa skal í huga að frá og með ársbyrjun 2017 hefur Ísland farið að fullu eftir regluverki ESB varðandi lífrænan landbúnað og vinnur Vottunarstofan Tún ehf. nú skv. reglugerð ESB nr. 848/2018 sem kom til framkvæmda 1. janúar 2022.
- 10) Í skjalinu er hvergi vikið að menntunarmálum. Við teljum það lykilatriði í allri framþróun að vel sé staðið að menntun allra aðila sem koma að allri virðisikeðjunni. Sérstaklega skal bent á Garðyrkjuskólann á Reykjum í Ölfusi, sú stofnun getur varla sinnt sínum skyldum, því húsakostur er að miklu leyti ónýtur og ónothæfur, framtíð skólans er algjörlega óráðin, hvort og þá hvernig hann myndi flytjast yfir til FSu og með hvaða hætti það hefur áhrif á námið. Undirrituð viljum leggja til að Garðyrkjuskólinn í Ölfusi verði aftur sjálfstæð stofnun, sem verði tryggðir fjármunir til að reka góðan skóla, með því

metnaðarfulla starfsfólki sem þar er. Þannig tryggjum við nýsköpun og framþróun í greininni til framtíðar.

- 11) Kjötið er mikilvægur þáttur í verðmætasköpun í landbúnaði og fullvinnslu afurða. Tryggja þarf að fyrirtæki í eigu bænda taki til sín nema í kjötið á samning til að stuðla að eðlilegri endurnýjun og framþróun í faginu. Ekki hefur verið hægt að halda úti námi í kjötið í Matvælasjólanum í MK vegna of fárra nemenda sem eru á samningi, undan farin ár, sem hefur gert það að verkum að þeir fáu sem hafa verið á samningi í iðninni ná ekki að taka skólahlutann né taka sveinspróf.
- 12) Í nýrri matvælastefnu er eindregið álit okkar að skýrt sé tekið fram að öll ræktun á erfðabreytum lífverum (GMO), hvort heldur sem er til sölu á markaði eða í tilraunaskyni, verði ætíð höfð innanhús, þar sem hægt er að viðhafa fullkomið eftirlit og forðast slysasleppingar. Best væri ef að stjórnvöld taki af allan vafa og að Ísland verði vottað „GMO free“ landsvæði. Slíkt vottun er mikill fengur fyrir almenna matvælaframleiðslu og hefur í för með sér virðisaukningu á öllum afurðum.
- 13) Sbr. bls. 19 gerum við athugasemdir við stórfellda aukningu fiskeldis í **sjókvíum** sem hefur alvarlegar skuggahliðar, margar þekktar erlendis svo sem í Noregi, sumar nú þegar hér á landi. Slysasleppingar úr sjókvíum hafa verið töluverðar, efnamengun er þekkt, og sjúkdómahætta er veruleg eins og venjan er í þéttbæru dýraeldi. Þá getur sjókvíaeldi á laxi, gjarnan erfðabreyttum, ógnað villtum laxastofnum sem ábatasöm ferðabjónunsta byggist á í nágrenni margra laxveiðiáa. Ljóst er að hægt er að hafa mun markvissari stjórn á fiskeldi í einingum uppi á landi en í sjó og því leggjum við til að fiskeldisstefnan framtíðarinnar miðist fyrst og fremst við **landeldi** en sjókvíaeldi verði alls ekki aukið heldur afnumið í áföngum.

10) Sbr. bls. 19 teljum við að hér þurfi að koma skýrar fram umfjöllun um kosti **smábátaveiða** með tilliti til veiðarfæra, lífríkis sjávar, gæða og nýtingar aflans svo og viðhalds sjávarbyggða um land allt.

Við vekjum hér með athygli þeirra sem vinna að mótun matvælastefnu á hugmyndafræði eftirtalinna, alþjóðlegu samtaka, sem ná til bæði framleiðenda og neytenda matvæla:

- I. **Slow Food Int.** ( matarmenning)
- II. **IFOAM Int.** (lífræn ræktun)
- III. **Permaculture Int.** ( vistrækt)

**Flest er jákvætt við stefnumið og framgang matvælaframleiðslu sem þessi samtök vinna að. Innan þess ramma eru mjög markviss sjálfbærnimarkmið þar sem m.a. er lögð áhersla á skynsamlega landnýtingu og virðingu fyrir lífríki sjávar. Á seinni árum hefur samkvæmt þessari hugmyndafræði verið lögð vaxandi áhersla á aðgerðir til að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda, svo sem með því að efla lífrænan landbúnað sem ekki byggist á tilbúnum áburði og eiturefnum. Þá er sérstök áhersla lögð á framleiðslu matvæla í sátt við umhverfi og líffræðilegan fjölbreytileika. Gerðar eru hámarks kröfur til velferðar búfjár í landbúnaði og sterk tengsl eru mynduð á milli framleiðenda og neytenda þar sem lýðheilsusjónarmið vega þungt.**

Reykjavík  
15. mars 2022

Dóra Svavarsdóttir      Ólafur R. Dýrmundsson  
Matreiðslumeistari      Búvísindamaður

